

Alþingi
Erindi nr. P 143/893
komudagur 23.1.2014



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis, Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

24.janúar 2014

Athugasemdir Ferðaklúbbsins 4x4 vegna þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál 143. löggjafarþings 2013-2014.

Stjórn Ferðaklúbbsins 4x4 lýsir yfir almennum stuðningi við stofnun Hofsjökulspjóðgarðs þó með þeim fyrirvörum sem hér fylgja á eftir. Geta skal þess að Ferðaklúbburinn 4x4 á mikilla hagsmuna að gæta á svæðinu þar sem helsta eign klúbbsins, fjallaskálinn Setrið sem byggður var árið 1985, lendir innan þjóðgarðs. Stuðningur klúbbsins er því háður því að tekið verði tillit til fyrirvara hans og samstarf og samráð við útvistarfélög verði ekki hunsað líkt og gert hefur verið síðustu ár.

Það er skýlaus krafa Ferðaklúbbsins 4x4 að félagsmenn og aðrir geti nýtt skálann og notið ferðalaga um fyrirhugaðan þjóðgarð á sama hátt og verið hefur og að aðgengi og ferðafrelsi almennings á svæðinu verði ekki skert. Í ljósi þeirrar kröfu er þess vænst að fullt samráð verði haft við Ferðaklúbbinn 4x4 og önnur útvistarfélög við gerð verndaráætlunar.

Forðast ber annað „slys“ líkt og varð við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs þar sem lítið samráð var haft við hin ýmsu útvistarfélög fyrr en eftir að verndaráætlun kom fram og var litlu sem engu breytt til aukinnar sáttar og aðgengis eftir það. Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er full af boðum og bönnum sem takmarka og hindra aðgengi stórra hópa að ýmsum svæðum þjóðgarðsins þrátt fyrir að það sé þvert á þau markmið sem sett voru fram fyrir stofnun garðsins.

Um þjóðgarða þarf að ríkja sátt og næst sú sátt ekki nema með fullu samráði við alla aðila strax frá upphafi. Með víðtæku samráði og sátt við njótendur jafnt sem notendur er hægt að fyrirbyggja að nýstofnun Hofsjökulspjóðgarðs fái á sig neikvæða ímynd almennings eins og Vatnajökulspjóðgarður fékk á sig, slíkt er miður og því mikilvægt að betur takist til við undirbúning og stofnun garðsins.

Fyrirvarar Ferðaklúbbs 4x4 vegna þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál 143. löggjafarþings 2013-2014 eru eftirfarandi:

- Skáli Ferðaklúbbsins 4x4 Setrið ásamt tilheyrandi byggingum fellur innan fyrirhugaðs Hofsjökulþjóðgarðs og gerir Ferðaklúbburinn 4x4 kröfu um að byggingarnar verði þarna áfram og aðgengi að þeim á vélknúnum farartækjum sem og öðrum farartækjum skerðist ekki. Einnig verður að tryggja grundvöll til áframhaldandi og fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu.
- Ferðaklúbburinn 4x4 hefur ríka hagsmuni innan fyrirhugaðs Hofsjökulþjóðgarðs þar sem hann hefur verið með uppbyggingu og haft starfsemi á svæðinu í tæp 30 ár. Er það því krafa klúbbsins að hann hafi fulltrúa með tillögu- og atkvæðarétt í öllum þeim nefndum sem fjalla um þjóðgarðinn.
- Ferðaleiðir innan Hofsjökulþjóðgarðs skerðist ekki, hvort sem farið verður um á vélknúnum farartækjum, gangandi, ríðandi, á skíðum eða skautum. Útivistahópum verði ekki mismunað eftir ferðamáta. Sú óviðjafnanlega náttúra sem er á miðhálandi Íslands og möguleikar til einstakrar upplifunar hennar og hughrifa og útivist í auðnum og lítt snortinni sem og ósnortinni náttúru á að vera aðgengileg þeim sem eftir henni sækjast sumar sem vetur.
- Koma verður í veg fyrir að hægt verði að koma fram með boð og bönn eftir geðþótta. Allar reglur þurfa að liggja fyrir strax á undirbúningsstigi stofnunar Hofsjökulþjóðgarðs og bundnar í lög, reglugerðarheimildir ráðherra verði takmarkaðar sem frekast er unnt.
- Lögð verði áhersla á fræðslu um ábyrga ferðamennsku og umgengni við náttúruna með opnu aðgengi í stað lokana.
- Mesta hagsmunamál Ferðaklúbbsins 4x4 er ferðafrelsi með ábyrgri ferðamennsku. Í markmiðum klúbbsins er: „Að gefa gott fordæmi um umgengni og verndun landsins með jákvæðri eftirbreytni og umræðu um náttúruvernd“. Ætlast Ferðaklúbburinn 4x4 til að umferðarrétturinn verði tryggður enda er hann grundvöllur fyrir því að hægt sé að njóta annarra gæða sem í almannaréttinum felast. (Sjá; Gaukur Jörundsson. (1982-1983). Bls. 67-69.)

Fyrirvarar þessir eru ekki tæmandi og áskilur Ferðaklúbburinn 4x4 sér rétt til að koma fleiri athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins. Einnig lýsir Ferðaklúbburinn 4x4 sig reiðubúinn að tilnefna aðila í hina ýmsu starfshópa og nefndir sem að stofnun garðis snýr, aðila með vítæka menntun og þekkingu á hálandinu, lagaumhverfi, ferðaleiðum og slóðum, jarð- og náttúrufræði svæðisins svo fátt eitt sé nefnt.

Fyrir hönd stjórnar Ferðaklúbbsins 4x4

Sveinbjörn Halldórsson
Formaður Ferðaklúbbsins 4x4